

52

2. gr.

14. apríl

Frá 1. maí 1943 tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er fyrir 1. sept. 1943 heimilt, ef ekki næst samkomulag við eiganda Grafarholts fyrir 1. júní 1943 um kaup á jörðinni, að láta taka eignarnámi jörðina Grafarholt í Mosfellshreppi, ásamt nýbýlinu Engi og þeim lóðum og löndum, er seld hafa verið úr landi jarðarinnar. Eignarnámið skal framkvæmt samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917. Eignarnámsheimild þessi tekur þó ekki til þess hluta Grafarholtslands, sem er neðan við Vesturlandsbraut.

4. gr.

Fyrir árslok 1943 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps annars vegar og Reykjavíkurbæjar og Mosfellshrepps hins vegar, þar á meðal væntanlegar skaðabótagreiðslur til hreppanna.

5. gr.

Allar fjárgreiðslur samkv. lögum þessum, aðrar en endurgjald fyrir Grafarholt samkv. 3. gr., skulu ákveðnar af gerðardómi, og skal hann einnig skera úr öllum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóminn skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess. Skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurbær eftir ákvörðun dómsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

53

L Ö G

14. apríl

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 35. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðir greiða hver um sig í sjóð sjúkrasamlaga $\frac{1}{4}$ greiddra iðgjalda, þó ekki yfir 12 kr. fyrir hvern tryggðan mann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma til framkvæmda frá 1. jan. 1943.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.